



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, þriðjudaginn 06.02.2019, kl. 17:15

Mættir: Ásta Kristjánsdóttir, Jóhannes Egilsson Kristján B. Thorlacius, Sigurður Bjarnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Berg Viktorsson, Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Fundagerð:

formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð síðasta stjórnarfundar jan 2019

Niðurstaða: fundagerð samþykkt

2. **Uppgjör ársins 2018 og úthlutun afrekssjóðs**

Farið var yfir lokauppgjör ársins 2018 fyrir allar einingar félagsins og hvernig það hefur áhrif á úthlutun mfl úr afrekssjóði. Líkt og tilkynnt hafði verið forsvarsmönnum flokkanna á fundi í desember síðastliðin þá yrði rekstratap ársins 2018 dregið af úthlutun flokksins úr afrekssjóði fyrir árið 2019. Einn flokkur var í rekstratapi eftir árið 2018 og mun því ekki fá úthlutað fullum styrk sínum heldur fer hlutfall af honum í að greiða upp taprekstur ársins 2018.

Þeir flokkar sem teljast til afrekflokka í dag eru: fimleikar mfl kk og kvk, handbolti mfl kk og kvk, knattspyrna mfl kk og kvk, körfubolti mfl kk og kvk, einnig geta einstaklingar í mfl í kraftlyftingum sótt um styrk vegna Íslands- eða Bikarmeistaratitils.

Niðurstaða: til upplýsinga.

3. **Namo**

Erindi barst frá lögfræðinum Namó efh, vegna deilu félagsins og þess fyrirtækis um túlkun á samningsatriðum er varða merkingar á búningum. Kristján Thorlacius tók málið að sér fyrir hönd aðalstjórnar og vann með framkvæmdastjóra og mun vinna það áfram fyrir hönd félagsins.

Niðurstaða: til upplýsinga.

4. **Önnur mál**

Farið var yfir hugmyndir af verkefni í tengslum við 60 ára afmæli Stjörnunnar 2020 en samningaviðræður standa yfir við Steinar J. Lúðvíksson um skrif á sögu félagsins.

Framkvæmdastjóri fór yfir gang mála í vinnu við umgjörð og stofnun nýs mfl ráðs í knattspyrnu kvk en nýtt ráð er tekið til starfa.

Rætt var um tryggingar leikmanna og hvernig væri hægt að koma þeim málum í betri farveg.

Samstarf við Nu Asian Fusion, en þeir hafa óskað eftir samstarfssamningi við félagið og var framkvæmdastjóra falið að vinna það mál áfram.



fundi var slitið kl. 18:15, Ritað Álp